

Efni: Umræðuskjal nr. 1/2017 um drög að endurskoðuðum reglum um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja.

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út umræðuskjal nr. 1/2017. Umræðuskjalið inniheldur drög að endurskoðuðum reglum um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja. Reglurnar verða settar með heimild í 5. mgr. 52. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Með þessu dreifibréfi gefur Fjármálaeftirlitið viðtakendum kost á að gera athugasemdir við drögin. Skjölin eru einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.

Þann 2. júlí 2015 tóku gildi lög nr. 57/2015 um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum (starfsleyfi, áhættustýring, stórar áhættuskuldbindingar, starfskjör, eignarhlutir, eiginfjárauvar o.fl.). Lögin breyttu m.a. hæfisskilyrðum stjórnar og framkvæmdastjóra sem og skilyrðum um önnur störf stjórnarmanna. Fjármálaeftirlitið hefur vegna þessa endurskoðað reglur nr. 887/2012, um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja, sem munu vera endurútfærnar sem nýjar reglur.

Fjármálaeftirlitið óskar eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjali berist eftirlitinu eigi síðar en 27. janúar nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, sbr. nánari skýringar á forsiðu meðfylgjandi umræðuskjals nr. 1/2017.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Rúnar Guðmundsson

Alma Jónsdóttir